

Fundur 29.1.2024 Akaia frá Suður Ameríku var uppi fyrir um 8,000 árum, af útdauðum kynþætti.

Góða kvöldið, komið þið sæl og blessuð.

*Gott kvöld.*

Var mér sagt að ég yrði síðastur í kvöld fyrir utan ykkar mögnunar samband.

Og góða kvöldið, komið þið sæl.

*Góða kvöldið. Velkomin.*

Ég kem langt að og get ekki verið lengi, vildi aðeins segja nokkur orð og færa ykkur frið.

Ég tilheyrði þjóð sem er núna útdauð og það er harkalegt að segja það, en það gerðist nú um okkur fjölda mörg sem lifðum á jörðinni ykkar og höfum hér fengið að blómgastr, blómstra í framlífi.

Og þykir það leitt að menning okkar hefur ekki fengið að líta dagsins ljós í ykkar sögubókum og eru þó sem betur fer fjölmargar sögur af þjóðum þeim sem á eftir komu og er að vísu ekki hægt að segja að saga sú sé óslitin frá upphafi til enda.

Saga þeirra fjölmörgu þjóðflokka og tegunda sem uppi hafa verið á jörðunni og get ég aðeins nefnt nafn mitt og vonast til þess að fleiri af minni þjóð komi síðar, þar sem orkuskortur til að fara nánar út í þetta, en get ég þó sagt hvar ég bjó og hverjum ég er skyld.

*Ekki voru Neanderdal ?*

Nei mjög fjarskyld, mjög fjarskyld, það eru svo fjölmargar manntegundir sem eru skyldar Neanderdalsmönnum og hafa þó ekki í sér nema örlítið brot af þeirra genum, eins og þið og við einnig.

En við vorum uppi talsvert seinna og það sem er þó merkilegt og má um okkur segja er að við erum ein af fjölmörgum tilraunum guðanna, þeirrar bylgju sem upp kom fyrir um tíu þúsund árum.

Reyndar nokkuð fyrr og ykkar norræni germanski kynstofn brot af þeim meiði og erum við nokkuð skyld ykkur, en bjuggum á öðru landssvæði, langt í burtu og voru þar fleiri manntegundir sem börðust um að komast af og lifa af.

Ég get ekki nefnt nafnið á ættbálki mínum að sinni en ég get sagt að við bjuggum þar sem Inkarnir bjuggu, en bara miklu miklu fyrr.

Og var það fyrir um það bil átta þúsund árum og stórkostleg mannvirki sem okkur tókst að reisa með hjálp æðri vera, en urðum þó að flýgja og urðu þau örlög margra þeirra sem á eftir okkur koma.

Ekki get ég farið út í það nánar að sinni en,

*Voru það þið sem byggðuð pýramíðana ?*

Nei ekki alveg, við byggðum önnur mannvirki.

*Veggina sem falla saman eins og ekki hægt að koma blaði á milli, skornir alveg.*

Já við byggðum með hjálp æðri Guða, hof stór og mikil, ferköntuð, og er víst eitthvað af þeirri húsagerðalist enn þá uppi standandi.

Enda voru margir sem á eftir okkur komu og eins og ég segi, sumt af þessu samhangandi en ekki allt.

Nafn mitt er Akaia, og vorum við öll með skærblá augu en með svart hár og fremur dökka húð og áttum við eftir að blandast öðrum og erum eitthvað fjarskyld ykkur og öðrum á jörðinni.

Er þetta mikil saga, gleður það mig að ég get hér komið í sambandið og það mun koma í ljós í mannkynssögunni að margvíslegt fólk hefur búið á ólíkum stöðum jarðarinnar á ýmsum tímaskeiðum og blandast og eignast afkvæmi, þótt sumir hafi horfið og ekki haldið áfram eins og okkar tegund.

Vona ég að okkur takist að koma síðar og lýsa þessu betur, gleður það mig innilega að mér tókst að koma hér í gegn í kvöld.

Vil ég þakka fyrir mig, sendi ykkur orku Guðanna og höfum við hér yfir orku að ráða, sjáið þið ekki rauðu orkusúluna úr enni okkar og kærleikann og margt sem ég get ekki minnst á að sinni.

Þakka ég fyrir mig og verið þið blessuð og sæl.

*Vertu blessuð.*